MJÓLKÁRVIRKJUN

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Greinargerð og umhverfismatsskýrsla

Dags. 18.10.2022

VERKÍS

MJÓLKÁRVIRKJUN

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Deiliskipulagsbreyting

Skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann _____

_____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

Efnisyfirlit

1 Inngangur 1
1.1 Almennt 1
1.2 Tilgangur og Markmið 1
1.3 Málsmeðferð og kynning 1
1.4 Skipulagsgögn 1
1.5 Matskylda 1
1.6 Leyfi 1
1.7 Staða skipulags 2
Aðalskipulag 2
Deiliskipulag 2
2 Forsendur 4
2.1 Skipulagssvæðið 4
2.2 Staðhættir og umhverfi 4
2.3 Fornminjar 4
2.4 Náttúruminjar 4
2.5 Náttúruvá 5
3 Deiliskipulagsbreytingin 6
3.1 Almennt 6
3.2 Byggingarreitir 6
3.3 Veitur 6
3.4 Aðrir skilmálar 6
4 Umhverfismatsskýrsla 7
4.1 Viðfangsefni, nálgun og áherslur 7
4.2 Áhrif deiliskipulags og eftirfylgni 8
5 Heimildir 11

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br., hluti sveitarfélagsuppdráttar. 3
Mynd 2 Afmörkun deiliskipulagsins, sýnd með rauðri brotalínu. 4

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum af deiliskipulaginu. 7
Tafla 2 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins. . 8

1 INNGANGUR

1.1 ALMENNT

Hér er sett fram breyting á deiliskipulaginu Mjólkárvirkjun í Ísafjarðarbæ. Deiliskipulagið tók gildi 15. apríl 2010 en var breytt í febrúar 2018. Deiliskipulagsbreytingin byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Deiliskipulagsbreytingin er unnin fyrir Landsnet. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Landsnet áformar að reisa yfirbyggt tengivirki við Mjólkárvirkjun sem mun leysa hluta núverandi tengivirkis af hólmi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum jarðstreng frá tengivirkinu.

Markmið með breytingunni er að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Þar sem um breytingu á deiliskipulagi er að ræða er ekki tekin saman lýsing um verkefnið í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Málsmeðferð og kynning tillögunnar verður að öðru leyti í samræmi við 40., 41. og 42. gr. laganna. Við kynningu á vinnslustigi verður óskað eftir umsögnum eftirfarandi aðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun
- Veðurstofa Íslands
- Orkubú Vestfjarða
- Vegagerðin

1.4 SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulag þetta samanstendur af eftirfarandi gögnum:

Mjólkárvirkjun. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Deiliskipulagsuppdráttur. Mkv. 1:2000. Blaðstærð A2. Dags. 18.10.2022.

Mjólkárvirkjun. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Greinargerð og umhverfismatsskýrsla. Dags. 18.10.2022.

1.5 MATSKYLDA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Tengivirki eru ekki háð umhverfismati framkvæmda.

1.6 LEYFI

Orkustofnun samþykkir kerfisáætlun Landsnets, sbr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerð nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar er fjallað um fjárfestingar sem þarf að ráðast í á næstu þremur árum og tímaáætlun þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. raforkulaga ber að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun og skal Orkustofnun hafa eftirlit með að slík framkvæmd sé í samræmi við framkvæmdaáætlun flutningsfyrirtækisins. Í framkvæmdahluta (2022-2024) Kerfisáætlunar 2021-2030, er gerð grein fyrir fyrirhuguðu tengivirki. Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets.

Byggingarleyfi þarf fyrir byggingum tengdum dreifi- og flutningskerfi rafveitna, svo sem tengivirkjum, skv. gr. 2.3.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarleyfi þarf að samræmast gildandi skipulagsáætlunum,

skv. 13. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir skulu byggingarframkvæmdir, þar með talin tengivirki, vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

1.7 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var staðfest 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl sama ár.[1] Aðalskipulagið var unnið samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum og því hefur verið breytt 12 sinnum eftir gildistöku. Ein þessara breytinga varðar skipulagssvæðið en það er breyting sem gerð var vegna Mjólkárvirkjunar árið 2017.

Skipulagssvæðið er innan iðnaðarsvæðis i1 skv. gildandi aðalskipulagi. Skv. aðalskipulaginu er á iðnaðarsvæðum í dreifbýli einkum gert ráð fyrir raforkuframleiðslu og flutningi á raforku á iðnaðar- og athafnarsvæðum. Lögð er áhersla á að bætt afhendingaröryggi raforku sé eitt af lykilatriðum fyrir framtíðarþróun svæðisins og Vestfjarða í heild. Jafnframt er í aðalskipulaginu lögð áhersla á það að auka framboð raforku á svæðinu.

Reitur i1 nær frá Borgarfirði og upp á brún Glámuhálendis. Á reitnum er gert ráð fyrir allt að 12,05 MW virkjun með tilheyrandi mannvirkjum, svo sem veituskurðum, stíflum, þrýstivatnspípum, raflínum, vegum, stöðvarhúsum og spennivirkjum.

Í skipulagsbreytingunni frá 2017 segir í ákvæðum fyrir reit i1:

Borgarfjörður – spennivirki

Endurnýja á spennivirkin tvö í Borgarfirði og byggja yfir þau. Byggt verður við stöðvarhúsið og ný bygging mun rísa ofan við núverandi spennivirki, austan vélageymslu.

Í skipulagsákvæðunum er svigrúm fyrir frekari stækkun virkjunarinnar.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu sem og í nágrannasveitarfélögum sem tengjast inn á tengivirki í Mjólká. Einnig að draga verulega úr straumleysi og að hægt verði að mæta aukinni orkuþörf.

Mjólkárvirkjun er innan hverfisverndarsvæðis H1 og skal taka mið af ákvæðum hverfisverndar og almennum verndarákvæðum aðalskipulagsins við alla ákvarðanatöku.

Í næsta nágrenni við tengivirkið er íbúðarsvæði Í30 skv. gildandi aðalskipulagi. Þar eru íbúðir vegna starfsemi Mjólkárvirkjunar. Svæðið tilheyrir hverfisvernduðu svæði H1 og skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar.

Unnið er að heildarendurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar og er áætlað að nýtt aðalskipulag taki gildi árið 2023.

Deiliskipulag

Deiliskipulagið Mjólkárvirkjun var samþykkt 15. apríl 2010. Gerð var breyting á deiliskipulaginu samhliða fyrrnefndri aðalskipulagsbreytingu. Breytingin tók gildi í febrúar 2018. Þar er gert ráð fyrir endurnýjun spennivirkja í Borgarfirði og byggingu yfir þau.

Í innanverðum Borgarfirði er einnig í gildi deiliskipulag fyrir Dýrafjarðargöng. Hluti skipulagssvæðis þess liggur að deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar, þ.e. sá hluti skipulagsins sem tekur til vinnubúða, sunnan Mjólkár.

[1] Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br.



Mynd 1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 með breytingum frá 2017. Hluti sveitarfélagsuppdráttar.

2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Gildandi deiliskipulagssvæði er ríflega 29 km^2 að stærð og liggur í landi Borgar í Borgafirði, sem er innfjörður Arnarfjarðar. Stærsti hluti virkjunarsvæðisins liggur á Glámuhálendinu en svæðið liggur að sjó í Borgarfirði í Arnarfirði. Í Borgarfirði stendur tengivirki sem er í eigu Landsnets. Deiliskipulagsbreytingin tekur til um 11.900 m^2 svæðis, þ.e. til tengivirkis og tengdra mannvirkja (Mynd 2). Aðkoma að svæðinu er af Vestfjarðarvegi (nr. 60).

2.2 STAÐHÆTTIR OG UMHVERFI

Í Borgarfirði er tengivirki og fleiri mannvirki sem tengjast Mjólkárvirkjun. Tengivirkið er allt utanhúss. Frá tengivirkinu liggur Breiðadalslína 1 í norður, Mjólkárlína 1 og Tálknafjarðarlína 1 liggja sunnan við tengivirkið. Allar línurnar eru 66 kV.

Svæðið liggur við Vestfjarðaveg (nr. 60) sem flokkast sem stofnvegur.

Tengivirkið liggur á malarpúða og er vistlendi aðallega melar og sandlendi en í kringum tengivirkið eru tún, akurlendi og skógrækt.

2.3 FORNMINJAR

Í mars 2010 vann Margrét Hallmundsdóttir hjá Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á framkvæmdasvæði Mjólkárvirkjunar. Engar fornleifar fundust á svæðinu sem deiliskipulagsbreytingin tekur til. Skv. vefsjá Minjastofnunar Íslands eru engar skráðar minjar á svæðinu.



Mynd 2 Afmörkun á breytingu deiliskipulagsins, sýnd með rauðri brotalínu. Svæðið er um 11.900 m^2 að stærð.

2.4 NÁTTÚRUMINJAR

Mjólkárvirkjun er innan hverfisverndarsvæðis H1 skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Markmið hverfisverndarinnar er að varðveita sérkenni svæðisins, þ.e. menningar- og náttúruminjar. Innan svæðisins er gert ráð fyrir svigrúmi til virkjunarframkvæmda en að þær verði í samræmi við almenn verndarmarkmið skipulagsins.

Í nágrenni Mjólkárvirkjunar eru fjögur svæði sem eru á náttúruminjaskrá, en virkjunin er utan þessara svæða. Þau eru:

- Friðland Vatnsfjarðar sem var friðlýst árið 1975
- Dynjandi sem var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1981
- Svæði nr. 310 á náttúruminjavirkjunar, Geirþjófsfjörður í Vesturbyggð
- Svæði nr. 311 á náttúruminjaskrá, Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar

Innan skipulagssvæðisins er ekkert náttúrufyrirbæri sem fellur undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Innan svæðisins sem skipulagsbreytingin tekur til er aðeins að finna vistgerðirnar *tún og akurlendi, hraungambravist og ýmsar melavistir* sem allar hafa lágt verndargildi, skv. vistgerðarkorti NÍ. Í næsta nágrenni og utan skipulagssvæðisins er *skógrækt* en þar er einnig að finna *birkiskóg* og lítil svæði með *bugðupuntsvist* og *starungsmýravist* sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi.

2.5 NÁTTÚRUVÁ

Hætta vegna ofanflóða hefur ekki verið metin á svæðinu. Samkvæmt ofanflóðavefsjá Veðurstofunnar[2] eru ekki skráð snjóflóð á skipulagssvæðinu.

Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og er því ólíklegt að jarðskjálftar eða eldsumbrot hafi áhrif á svæðið. Ekki er hætta á sjóvarflóðum á skipulagssvæðinu.

[2] Veðurstofan. Ofanflóðavefsjá.

3 DEILISKIPULAGSBREYTINGIN

3.1 ALMENNT

Deiliskipulagsbreytingin nær til um 7.400 m^2 svæðis og innan þess eru þrír byggingarreitir auk háspennulína. Svæðið er eingöngu ætlað fyrir tengivirki og tengdan búnað.

Breyting er gerð á köflum um byggingarreiti og veitur í greinargerð gildandi deiliskipulags *(kaflar 3.10 og 3.8 í upphaflegu deiliskipulagi (2010) og kaflar 9.7 og 9.9 í breytingu (2018)).* Breyting er gerð á byggingarreitum nr. 3 og 7 og byggingarreit nr. 8 er bætt við. Einnig er tenging Mjólkárlínu 2 bætt inn.

3.2 BYGGINGARREITIR

Viðbætur við kafla 3.10 í upphaflegu deiliskipulagi (2010) og kafla 9.9 í breytingu (2018):

Afmarkaður er nýr byggingarreitur, nr. 8, fyrir yfirbyggt tengivirki og tengda starfsemi. Núverandi byggingarreitir 3 og 7 minnka en ákvæði þeirra breytast ekki.

Lögð er áhersla á að byggingar verði hannaðar með það í huga að þær hafi sem minnst áhrif á ásýnd og falli vel að landslaginu. Ennfremur að efnis- og litaval falli vel að umhverfinu.

Viðbætur við töflu 3.7 í upphaflegu deiliskipulagi (2010) og töflu 9.4 í breytingu (2018):

Byggingar-reitur	Stærð bygginga í dag	Hámarks-stærð bygginga	Hámarks-Hæð bygginga	Skýringar
Byggingar-reitur 8	0 m^2	200 m^2	10	Heimild til að reisa yfirbyggt tengivirki og tengdan búnað. Vanda skal útlit og frágang.

3.3 VEITUR

Viðbætur við kafla 3.8 í upphaflegu deiliskipulagi (2010) og kafla 9.7 í breytingu (2018):

Nýr 66 kV jarðstrengur, Mjólkárlína 2, verður lagður í vestur frá tengivirkinu. Strengurinn liggur meðfram firðinum að Hrafnseyri og þaðan í sæstreng til Bíldudals í Vesturbyggð. Stærstur hluti strengsins liggur utan skipulagssvæðisins.

Helgunarsvæði loftlína er 25 m, þ.e. 12,5 m til hvorrar hliðar. Helgunarsvæði jarðstrengja er 10 m, þ.e. 5 m til hvorrar hliðar. Samráð skal haft við viðkomandi veitufyrirtæki um framkvæmdir nærri veitulögnum.

Viðbætur við töflu 3.7 í upphaflegu deiliskipulagi (2010):

Strengur	Staðsetning	Lengd	Lega	Tenging við dreifikerfi	Skýringar
Mjólkárlína 2, 66 kV jarðstrengur	Frá byggingar-reit 8 í átt að Hrafnseyri	100 m	Neðan-jarðar	Flutnings-kerfi	Hluti af stærri heild

3.4 AÐRIR SKILMÁLAR

Að öðru leyti gilda þau ákvæði sem eru í gildandi deiliskipulagi (frá 2010 og breytingu 2018).

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

4.1 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR

Gerð deiliskipulagsins fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.[3] Metin eru áhrif á hagræna þætti, menningarminjar, landslag, náttúrufarslega þætti og heilsu og öryggi.

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu 1 er vinsun umhverfisþátta tilgreind, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu deiliskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand, upplýsingum úr vinnu við deiliskipulagið og öðrum forsendum sem liggja fyrir.

Tafla 1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum af deiliskipulaginu.

Matsþáttur	Umhverfisþættir[4]	Skýringar
Hagrænir þættir og innviðir	Efnisleg verðmæti og atvinnulíf. Næmni fyrir hættu á náttúruhamförum og afhending raforku	Styrkari innviðir og afhendingaröryggi raforku á sunnanverðum Vestfjörðum
Menningararfur og landslag	Menningarminjar og landslag	Möguleg áhrif á óþekktrar fornleifar. Breytingar á ásýnd lands
Náttúrufarslegir þættir	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur og loftslag	Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðveg og gróið land vegna graftrar. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna og útivist	Áhrif á upplifun lands og útivist

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og stuðst er við sex einkunnir við matið. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort deiliskipulagið styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

[3] Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

[4] Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tafla 2 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	**Veruleg jákvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	**Jákvæð áhrif**. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	**Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við**. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	**Neikvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- -	**Veruleg neikvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	**Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.** Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

Valkostir

Settir eru fram tveir valkostir í umhverfismatinu. Annars vegar bygging nýs tengivirkis og hins vegar að ekki verði af uppbyggingu þess, þ.e. núllkostur.

Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Í umhverfismatinu eru skilgreind umhverfisviðmið sem er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Miðað er við umhverfisþætti sem skilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin byggja á gildandi aðalskipulagi, Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og öðrum áætlunum á landsvísu, auk markmiða viðeigandi laga.

Skilgreindar eru matsspurningar til að greina hvort stefnan í deiliskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

4.2 ÁHRIF DEILISKIPULAGS OG EFTIRFYLGNI

Hagrænir þættir og innviðir

Matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag
Stuðlar stefnan að bættu afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu sem og í nágrannasveitarfélögum?	--	++
Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og í nágrannabyggðarlögum?	-	+
Eykur stefnan næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum?	-	+

Viðmið: Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir. Byggt á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og landsskipulagsstefnu.[5]

Skýringar: Bygging tengivirkis bætir afhendingaröryggi raforku til lengri tíma litið. Til skamms tíma verða til störf, þ.e. meðan á framkvæmdum stendur. Til langs tíma litið styður bætt afhendingaröryggi við atvinnuuppbyggingu. Yfirbygging tengivirkis eykur raforkuöryggi og dregur þannig úr næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum Núllkostur styður ekki við stefnu um örugga afhendingu raforku og stuðlar ekki að atvinnuuppbyggingu.

[5] Landsskipulagsstefna 2015–2026

Menningararfur og landslag

Matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag
Hefur deiliskipulagsbreytingin í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	+
Styður deiliskipulagsbreytingin markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða náttúru, landslagi og staðháttum?	0	+

Viðmið: Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Byggt á lögum um menningarminjar[6], lög um náttúruvernd[7] og landsskipulagsstefnu.

Skýringar: Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er ólíklegt að deiliskipulagið hafi áhrif á fornleifar. Skipulagið hefur ekki för með sér röskun á fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands til lengri tíma litið. Á framkvæmdatímanum verður tímabundin breyting á ásýnd svæðisins, en hún er þó óveruleg. Stefnan styður við markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum, þar sem tengivirkið verður staðsett þétt upp við önnur mannvirki Mjólkárvirkjunar og áhersla lögð á vandað útlit.

Stefnan er í heildina líkleg til að styrkja staðaranda og ásýnd svæðisins.

[6] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Náttúrufarslegir þættir

Matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag
Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar?	0	0
Hefur deiliskipulagsbreytingin áhrif á lykil vistkerfi eða mikilvægar vistgerðir?	0	0
Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftlagsbreytingum?	0	0

Viðmið: Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Byggt á gildandi aðalskipulagi, landsskipulagsstefnu og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Skýringar: Skipulagssvæðið er innan hverfisverndarsvæðis en áhrif á það eru óveruleg. Svæðið hefur að ákveðnu marki verið raskað með virkjun og tilheyrandi mannvirkjum. Til lengri tíma litið eru áhrifin óveruleg og landfræðilegt umfang er lítið. Engar mikilvægar vistgerðir eru í hættu vegna framkvæmda.

Við byggingu tengivirkis verður rask á lítt grónu landi og túnum, en það leiðir til lítilsháttar losunar gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta til skamms tíma litið. Hins vegar dregur bætt afhendingaröryggi raforku úr notkun jarðefnaeldsneytis við keyrslu varaafls og dregur þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með uppgræðslu þar sem rask verður er stuðlað að lítilsháttar bindingu kolefnis. Breytingin frá fyrra skipulagi er óveruleg.

[7] Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Heilsa, útivist og öryggi

Matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag
Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	0	+
Stuðlar stefnan að auknum gæðum umhverfis, svo sem hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	0	0

Viðmið: Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Byggt á landsskipulagsstefnu.

Skýringar: Bætt ásýnd svæðisins með yfirbyggingu tengivirkisins getur haft jákvæð áhrif á ímynd svæðisins og þar með upplifun þeirra sem stunda útivist á svæðinu. Stefnan hefur óveruleg áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist en á framkvæmdatímanum kann að verða ónæði til skamms tíma. Áhrif stefnunnar eru óveruleg til lengri tíma litið.

Niðurstaða umhverfismats og samlegðaráhrif

Deiliskipulagsbreytingin nær til um 7.400 m^2 svæðis og í heildina eru umhverfisáhrif tillögunnar óveruleg eða jákvæð. Umhverfisáhrifin eru jákvæð og verulega jákvæð á hagræna þætti og innviði, landslag og útivist. Umhverfisáhrif á náttúrufarslega þætti, menningarminjar og heilsu og öryggi er talin óveruleg.

Óbreytt stefna, þ.e. að ekki verði að uppbyggingu, hefur neikvæð og verulega neikvæð áhrif á hagræna þætti og innviði en óveruleg áhrif á aðra þætti.

Eftirfylgni og vöktun

Við útfærslu framkvæmda þarf að tryggja að jákvæð áhrif nái fram að ganga.

5 HEIMILDIR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 m.s.br.

Skipulagsstofnun. 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 25. ágúst 2022 af http://www.landsskipulag.is/

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Margrét Hallmundsdóttir. 2010. Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við Mjólkárvirkjun. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 01-10.

Veðurstofan. Ofanflóðavefsjá. Sótt í desember 2021 af http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/